

OPIØ LAND

EIRÍKUR BERGMANN EINARSSON

OPIÐ LAND

ÍSLAND Í SAMFÉLAGI ÞJÓÐANNA

SKRUDDA

2007

Opið land – Ísland í samfélagi þjóðanna

© 2007 Eiríkur Bergmann Einarsson

Umbrot: Skrudda ehf.

Kápa: Stefán Einarsson

Prentun og bókband: Scandbook AB

Útgefandi: Skrudda ehf.

skrudda@skrudda.is

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

ISBN: 978-9979-772-84-0

Efnisyfirlit

Formáli	9
Dregið í sandinn	11
Út um heim	19
Þrjár stoðir	20
Þverþjóðlegt umhverfi	21
Verktakinn í Brussel	25
Evrópuvæðing Íslands	26
Heimsýn	32
Hversu mikið í Evrópu?	36
Fullveldið og orðræðan	39
Aukaaðili að ESB	42
Efnahagslífið er alþjóðlegt	45
Evrán og krónan	46
Verktakinn í Washington	49
Á amerísku áhrifasvæði	50
Breytt heimsmynd	52
Flóttinn frá Miðnesheiði	55
Staðfastar þjóðir	59
Stríð og friður	60
Leynifangelsi og pyntingar	62
Ábyrgð Íslands	63
Svikin loforð í Afganistan	65
Hryðjuverkaríkið	66

Land óttans	71
Við og hinir	74
Eftirlit og njósnir	76
„En það er enginn sem hlustar“	78
Hvað varð um frelsið?	79
Hver er munurinn á Madrid og New York?	82
Óttinn við innflytjendur	85
Fasisminn í Evrópu	89
Danmörk er annað land	91
Innflutt innflytjendastefna	95
Hver á heima á Íslandi?	98
Íslenski þjóðarflokkurinn?	102
Fjölmennung eða glæsileg einangrun?	104
Hvað er til ráða?	106
Búfjöttrar	109
Evrópumet í háu matvælaverði.	109
Hnattvædd viðskiptahöft	110
Blekkingar	113
Hvít eða svart!	115
Tunga um tönn.	117
Sambandið við útlönd	123
Breytt alþjóðasamskipti	124
Fjölbjöldlegt samstarf, ekki tvíhliða	125
Friðargæsla eða íslenskur her?	126
Ísland er líka Litháen	128
Heimildaskrá	135
Óbirtar heimildir	138

Til Hrafnildar

Formáli

Inn á þessar síður hef ég rakað saman nokkrum sundurslitnum hugleiðingum um ástand þjóðmálanna og stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna. Hér er að finna laustengda umfjöllun um nokkur þau viðfangsefni, sem ég hef unnið að á undanförunum árum. Sumt hefur áður birst í einhverri mynd, í ritgerðum, greinum og pistlum eða verið flutt í erindum og ræðum. Annað er nýtt. Efnisþættir bókarinnar tengjast mismikið. Nokkuð er um að þræðir úr einum umræðuflokki séu teknir og notaðir til að fjalla um önnur lítt skyld málefni með sjálfstæðum hætti. Þar sem tilskrifelsið á ólíkan uppruna geta efnistösk einnig verið misjöfn.

Ekki ber að líta á efni þessarar bókar sem heildstæða úttekt eða rannsókn, heldur er hér fyrst og fremst að finna mína eigin sýn á nokkur afmörkuð, samfélagsleg málefni. Þess vegna er ekki notast við jafnstranga heimildaskráningu og tíðkast við gerð hreinræktaðra fræðiritra. Vísað er beint í heimildir í textanum eftir því sem þurfa þykir og einungis notast við neðanmálsgreinar þegar þess gerist sérstaklega þörf og þegar sérstakt tilefni er til að benda á tiltekið efni eða heimild. Heimildaskrá fylgir svo í lok bókar.

Ýmsir hafa lagt hönd á plóg við gerð þessarar bókar. Eins og við vinnslu á fyrri bókum mínum las Stígur Stefánsson, stjórn- málafræðingur, yfir handritið og veitti gagnlegar ábendingar.

Þá lásu Héðinn Unnsteinsson, sérfræðingur hjá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni í Kaupmannahöfn, Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi utanríkisráðherra, og Jón Ólafsson, prófessor, handritið í mismunandi gerð og veittu góð ráð. Ábendingar framangreindra yfirlesara leiddu til nokkurra breytinga á handritinu frá fyrstu gerð og er ég þeim afar þakklátur fyrir hjálpsemina og áhugann, sem yfirlesarar sýndu viðfangsefninu. Ábyrgðina á verkinu eins og það kemur fyrir í þessari bók ber ég hins vegar alfarið einn. Ég vil einnig þakka fjölskyldu minni, konu minni Aino Freyju, og börnum mínum, Sólrúnu Rós og Einari Sigurði, fyrir alla þolinmæðina, sem mér var sýnd á meðan ég vann að verkinu. Bókin er tileinkuð dóttur minni, Hrafnhildi Eiríksdóttur, sem fæddist á meðan vinnslu hennar stóð.

Reykjavík, febrúar 2007

Dregið í sandinn

Auðvitað er íslenskt þjóðfélag að ansi vel heppnað. Um það þarf tæpast að deila. Á undanförunum áratugum hefur verið lyft grettistaki í allri þjóðfélagsuppbyggingu og þjóðin færst frá örbirgð til bjargálna. Smjör drýpur af hverju strái og nú má finna Ísland í efstu sætum á listum, sem mæla ríkidæmi og velsæld, alveg sama hvaða aðferð menn beita í rannsóknum sínum. Smáriki hafa mörg hver plummað sig vel í hinum stóra heimi en smæðin setur þeim ákveðin takmörk líka. Til að mynda er ólíklegt að íslenska landsliðið í fótbolta hampi nokkurn tíma heimsmeistaratitli. Hins vegar er öllu líklegra og nærtækara að íslenska þjóðarbúið lendi í efsta sæti yfir lífskjör þjóða í einhverri könnuninni.

Þegar ég var að alast upp í Breiðholtinu á síðari hluta liðinnar aldar voru útlönd enn fjarlægur heimur. Íslendingar héldu sig mest heima á þessum árum og höfðu gert um aldir. Það var helst að Ásgeir Sigurvinsson, fyrirliði þýska fótboltaliðsins Stuttgart, opnaði glugga til útlanda í hugum okkar drengjanna og sýndi okkur að Íslendingar gætu spjarað sig erlendis, líka í fótbolta þótt landsliðið væri lélegt. En í heimi flestra voru útlönd aðallega sólarstrendur á Spáni, þangað sem þurfti að hafa með sér harðfisk og Orabaunir í dós. Og hugsanlega rauð pylsa, sem var framreidd utan við brauðið á Strikinu í Kaupmannahöfn. Fáum datt í hug að útlönd gætu verið vettvangur

viðskipta og daglegs lífs. Nú er þetta allt breytt. Heimurinn er að verða eitt athafnasvæði og á Íslandi er nú enginn maður með mönnum nema hann taki þátt í útrásinni svokölluðu – hvað svo sem það hugtak merkir annars í raun og veru.

Allt fram á nítjándu öld var íslenskt samfélag grundvallað á landbúnaði en smám saman tók sjávarútvegurinn við sem grunnstoð efnahagslífsins. Sjávarútvegur skiptir vissulega enn töluverðu máli en mikilvægi hans fer sífellt minnkandi. Árið 1940 stóð sjávarútvegur undir 95 prósent af vöru- og þjónustuútflutningi landsins en árið 2004 var hlutur sjávarútvegsins kominn niður í um það bil þriðjung af heildar gjaldeyrstekjum.¹ Og fer minnkandi. Til viðbótar við útflutningstekjur af vörum og þjónustu hafa gjaldeyrstekjur af fjármálaþjónustu aukist verulega undanfarin ár. Er nú svo komið að hluti fjármálastofnana í landsframleiðslunni er orðinn meiri heldur en sjávarútvegs.² Það blasir því við að hvorki landbúnaður, sjávarútvegur né önnur frumframleiðsla getur dugað sem grundvöllur efnahagslífs á nýrri öld. Í nýskipan hnattræns samfélags er þekking forsenda framfara og það fjármagn, sem veitt er í þekkingarsköpun og þekkingarmiðlun, sem byggist á fjölþjóðlegu samstarfi mun skila sér margfalt til baka.

Eftir að alþjóðavæðingin svokallaða komst inn í almenna þjóðmálaumræðu var því lengi haldið fram að hnattvæðing efnahagslífsins myndi ganga af norræna velferðarmódelinu dauðu. Þrátt fyrir þá erfiðleika sem komið hafa upp í samskiptum innfæddra og innflytjenda í Danmörku og Noregi og

¹ Gylfi Zoëga og Tryggvi Þór Herbertsson. 2005, bls. 81.

² Sjá erindi Gylfa Zoëga á ráðstefnu Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands 24. nóvember 2006. Breytt viðhorf til peningamála: Sjálfstæði peningamálastefnu, fjármálastöðugleiki og fákeppni.

lýst er í þessari bók, þá er eigi að síður að finna nokkur best heppnuðu þjóðfélög heims á Norðurlöndunum. Í þessu horni heimsins eru lífskjör betri en víðast hvar, jöfnuður meiri og kvenfrelsi best tryggt. Og þrátt fyrir útblásið velferðarkerfi eru Norðurlöndin að auki í hópi samkeppnishæfustu samfélaga heims.³ Ekki síst sökum öflugs, opinbers menntakerfis og hárra framlaga úr opinberum sjóðum til rannsóknamála.

Ýmsum að óvörum hefur norræna módelinu gengið nokkuð vel að aðlagast nýjum aðstæðum. Á öldinni sem leið ösluðum við félagarnir í Breiðholti snjóinn á leiðinni í skólann á finnsku Nokia stígvélunum okkar. Núna spjöllum við saman í gegnum Nokia farsíma. Þegar við strákarnir þrömmuðum um í Nokia stígvélunum okkar var Finnland fátækasta land Norðurlandanna. Smám saman áttuðu finnsk stjórnvöld sig á því að framtíðin fælist ekki í frumframleiðslu, eins og skógarbúskap og gúmmistígvélaframleiðslu, og tóku meðvitaða og upplýsta ákvörðun um að breyta finnsku samfélagi í fyrsta flokks þekkingarþjóðfélag. Öll áhersla var lögð á þekkingarsköpun og alþjóðlegt samstarf og opinberu fé var bókstaflega dælt í allra handa þróunarstarf með heildstæðu átaki. Nú er Finnland eitt ríkasta land í heimi.

Því miður hefur ekki verið tekin álíka ákvörðun á Íslandi um að þróa hér opið, alþjóðlegt þekkingarþjóðfélag. Á Íslandi leggja stjórnvöld enn of mikla áherslu á frumframleiðslugreinir eins og sjávarútveg og álframleiðslu. Að ekki sé nú talað um landbúnaðinn. Hins vegar hefur atvinnulífið sem betur fer sjálft kosið að fara í aðrar áttir.

³ Sjá In Search of Best Nordic Practice. A Case Study on How to Adjust to Globalization. Ágúst 2006, bls. 7

Þrátt fyrir að menn berji sér á brjóst á tyllidögum er eins og Íslendingar þori ekki enn almennilega að treysta á sjálfa sig í stórum heimi alþjóðamálanna. Einhverra hluta vegna virðumst við líta tengslin við útlönd nokkuð öðrum augum heldur en flestar nágrannabjóðir okkar hafa gert. Við höfum til að mynda áfram þá tilhneigingu að halda okkur heldur til hlés í alþjóðasamstarfi og láta aðra um að takast á við viðfangsefni heimsbyggðarinnar. Eins og að vandamál heimsins komi okkur ekki við með eins beinum hætti og fólki, sem tilheyrir fjölmennari þjóðum. Eins og við séum á einhvern hátt undanþegin skarkala veraldarinnar, að hinn stóri heimur teygi ekki anga sína út í eyjuna, sem liggur svo langt úti í hafi. Samt gengur þjóðfélagsþróunin á Íslandi eftir nákvæmlega sömu brautum og í öðrum löndum þótt sumir stjórnámálamenn á Íslandi hafi stundum reynt að halda öðru fram. Þegar að er gáð kemur í ljós að hér gilda auðvitað alveg sömu lögmál og í öðrum löndum. Og alveg eins og á við um önnur lönd mun Íslandi farnast best í sem opnustum samskiptum við útlönd.

Tengsl Íslands við umheiminn hafa að miklu leyti mótast af þeirri sýn og stjórn málahefð, sem varð til í sjálfstæðisbaráttunni á nítjándu öld. Frjálslyndisstefnan, sem náði útbreiðslu víða um Evrópu á átjándu og nítjándu öld og varð á endanum til þess að ryðja einveldinu úr vegi, skapaði hugmyndina um þjóðríkið, sem flest ríki Evrópu byggja á í dag. Þessi frjálslyndisstefna náði í raun aldrei til Íslands. Víðsvegar í Evrópu köstuðu menn af sér höftum konunga sinna og um leið varð frelsi og ábyrgð einstaklingsins meginstef frjálslyndisstefnunnar. Hugmyndir á borð við atvinnufrelsi og verslunarfrelsi manna innan ríkis og þvert á landamæri tóku við af höftum fortíðar.

Þessi þróun varð með öðrum hætti á Íslandi. Eins og Guðmundur Hálfðanarson, sagnfræðingur, hefur manna best sýnt fram á fylgdu hugmyndir Íslendinga um fullveldi þjóðarinnar ekki þeim hugmyndastraumum sem uppi voru á sama tíma í Evrópu.⁴ Á Íslandi þróaðist ekki sú frjálslynda þjóðernisstefna eins og í Evrópu heldur varð hér frekar til þjóðernissinnað íhald. Á Íslandi náðu frelsishugmyndir frjálslyndisstefnunnar til þjóðarinnar sem nánast líkamlegrar heildar en ekki til einstaklinganna. Þannig náðu hugmyndir á borð við atvinnufrelsi og verslunarfrelsi ekki rófestu á Íslandi með sama hætti og annars staðar í Evrópu, eins og vistarbandið illræmda var til vitnis um. Þessi íhaldssama þjóðernisstefna varð til þess að lengi vel var atvinnulífið á Íslandi bundið á klafa ólíklegustu hafta, sem áttu að miða að því að vernda það sem íslenskt þótti – svo sem tunguna, lambakjötið og búkstóra heildsala.

Hið opinbera hélt til að mynda úti umsvifamiklu verðlags-efirliti. Á skrifstofu föður míns var lengi úrklippa úr DV uppi á vegg frá miðjum áttunda áratug síðustu aldar. Fréttin sem bar fyrirsögnina *Sakaður um okur á ýsu* lýsir þessum hugsanagangi vel. Fréttin var svona:

Fyrir sakadómi Reykjavíkur er nú mál gegn kaupmanni nokkrum í Reykjavík. Kaupmaðurinn er sakaður um að hafa þann 19. apríl í fyrra selt 324 gramma ýsuflak á hærri verði en leyfilegt var. Kaupmaðurinn er sakaður um að hafa selt ýsuflakið á 8 krónur og 75 aura meðan leyfilegt verð var 7 krónur og 80 aurar. Mismunurinn er 95 aurar eða um það bil tólf af hundraði. Það voru tveir starfsmenn Verðlagsstofnunar sem keyptu umrætt ýsuflak. Málið fór síðan til ríkissaksóknara sem gaf út ákæru.

⁴ Guðmundur Hálfðanarson. Íslenska þjóðríkið – uppruni og endimörk. 2000

Eins og þessi tilvitnun sýnir var lengi vel ansi þröngt um athafnafrelsi manna á Íslandi. Raunar var Ísland til skamms tíma eitt lokaðasta land á Vesturlöndum en nú hefur orðið til annað Ísland, land tækifæranna. Það var ekki fyrr en viðreisnarstjórnin tók við völdum árið 1959 að byrjað var að losa um höft fyrri tíðar.

Vor íslenskra viðskiptamanna kom hins vegar ekki fyrr en Ísland fékk aðild að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) árið 1994 en þá varð Evrópa að heimamarkaði fyrir íslenska athafnamenn, sem höfðu verið innilokaðir á eyjunni litlu allt of lengi. Nú eru menn komnir í viðskipti út um allan heim og allt virðist hægt. Það getur verið að æðibunugangur íslenskra viðskiptamanna í umsvifum þeirra í útlöndum sé fullmikill, enda er margt líkt með þeim og beljum, sem sleppt var út á vorin í íslenskum sveitum. Eigi að síður eru utanríkisviðskipti Íslands enn töluvert minni en ætla mætti miðað við stærð landsins.⁵

Þjóðum farnast almennt best í sem opnustu samskiptum við önnur lönd. Það var enda ekki fyrr en Íslendingar losuðu sig við nagandi óttann við frelsið og umheiminn, að þeir gátu loksins losað af sér böndin og hafið sig til flugs í alþjóðlegum heimi viðskiptanna. Enn er þó mikið verk að vinna. Þegar kemur að erlendu samstarfi er Ísland nefnilega að mörgu leyti enn heldur afgirt land. Því miður hefur óttinn við útlönd gert það að verkum að við höfum ekki enn nýtt öll þau tækifæri, sem bjóðast í hinum alþjóðavædda heimi. Vissulega hafa viðskiptamennirnir okkar farið í einhvers konar fjármálalegan víking undanfarin ár. En stjórn-

⁵ Gylfi Zoëga og Tryggvi Þór Herbertsson. 2005, bls. 79.

málin hafa hins vegar settið eftir. Orðræða fullveldisbaráttunnar virðist enn halda aftur af stjórnámálamönnunum þegar kemur að samskiptum við útlönd. Fjötrar fortíðar halda enn aftur af okkur og þá þarf að leysa svo að unnt verði að treysta í sessi opið, frjálslýnt lýðræðisþjóðfélag, sem byggist á velferð og hagsæld allra.

Í gegnum alla sögu þjóðarinnar kemur berlega í ljós að aukin samskipti við útlendinga hafa að jafnaði verið þjóðinni blessun en ekki böL. Þetta á jafnt við í viðskiptum, vísindum, listum og íþróttum svo að nokkur svið samfélagsins séu nefnd. Að sama skapi hefur eymdin aukist eftir því sem landið hefur verið afgirtara frá umheiminum. Það er auðvitað einföldun en eftir sem áður má í gegnum sögu landsins greina baráttu tveggja aflla: opingáttarmanna annars vegar og innilokunarsinna hins vegar, eins og þessir hópar hafa stundum verið uppnefndir. Um langa tíð hefur staðið djúpstæð barátta milli þeirra, sem vilja hafa erlend samskipti sem opnust, og þeirra sem vilja frekar einangra þjóðina uppi á landinu kalda.

Mörg af heitustu deilumálum þjóðarinnar hafa klofnað eftir þessum línunum. Deilan um aðildina að Atlantshafsbandalaginu klauf þjóðina í tvennt og var svo hörð að herstöðvarandstæðingar og fylgjendur vestrænnar samvinnu flugust bókstaflega á á Austurvelli. EFTA-aðildin olli einnig óhemju fjaðrafoki milli haftasinna og fylgjenda opinna vöruviðskipta. Það sama var svo uppi á teningnum í EES-málinu, sem opnaði atvinnulífið upp á gátt og ruddi meðal annars brautina fyrir útrásina rómuðu. Nú deila menn um Evrópusambandið eftir sömu brautum. Þá snúast deilumál á borð við stöðu íslenskrar tungu, straum innflytjenda, verslun með landbúnaðarvörur og

fjárfestingar í sjávarútvegi meira og minna um þennan sama átakaás. Og sem fyrr stendur deilan á milli þeirra, sem vilja mæta heiminum opnum örmum, og þeirra sem sjá í honum stöðuga ógn.

Í þeim köflum, sem hér fylgja á eftir, eru nokkur afmörkuð svið þjóðmálanna til skoðunar. Notast er við framangreinda samfélagssýn til að bregða ljósi á einstaka viðfangsefni, sem flest snerta tengsl Íslands við útlönd með einum eða öðrum hætti. Í þessari stuttu bók er skautað yfir ansi breitt svið og því verður að bíða betri tíma að kafa ofan í einstaka efnispætti. Niðurstaða mín er eigi að síður skýr. Orða má þá lykilhugsun, sem ég tel farsælast fyrir okkur Íslendinga að fylgja til framtíðar í tveimur stuttum orðum:

OPIÐ LAND.